



SKOÐUN Guðmundur Andri minnir á að Íslendingar voru pappírsvikingar sem sóttu vald í orðin. **13**



MENNING Fjallað um Högna Egilsson og mávana. Jónas Sen hreifst af Turiya. **20**



SPORT Alfreð Gíslason gerði Kiel að þýskum meisturum þriðja árið í röð og í fimmta sinn á sex árum. **26**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

26. maí 2014
122. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Æ fleiri þurfa fjárhagsaðstoð

Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og Björt framtíð vilja að fjárhagsaðstoð borgarinnar til einstaklinga verði háð skilyrðum. Vinstri græn eru alfarið á móti skilyrðingu. **10**

Telja ófðregið af launum Flugmála- starfsmenn segja ósanngjarnt að Isavia hýrudragi alla vaktavinnu menn vegna nýlegra vinnustöðvanna. **2**

Búið að kjósa í Úkraínu Petro Porosjenko verður líklega næsti forseti Úkraínu eftir fyrstu umferð kosninganna þar um helgina. **4**

Facebook skýrir ferðir hvala Ljósmyndir úr hvalaskoðunarferð úti fyrir ströndum Skotlands renna stöðum undir kenningar um ferðir háhyrninga. **6**



Bolungarvík	8°	SA	7
Akureyri	12°	S	2
Egilsstaðir	12°	S	6
Kirkjubæjarkl.	8°	SA	4
Reykjavík	11°	SA	8

Nokkuð bjart NA-til en úrkoma NV- og V-til. SA 5-15 m/s V-til í fyrstu en dregur bæði úr vindi og úrkomu með deginum. Hiti 8-16 stig. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Stórelldhús | Fólk



Ný sending komin! Betri svefn, betri líðan



Öll betri apótek, Hagkaup, Fjarðarkaup, Heimkaup og Lifandi Markaður



MIKID VERK AÐ VINNA Það eru 9.211 rúður á Hörpu, þar af eru 260 rúður litaðar og því í nægu að snúast fyrir þá sem sinna gluggaþvottinum. Verkið er boðið út á vorin, einu sinni á ári, en það þarf tvö verktafayfir tæki til; sigmenn sjá um norðurhlíðina, síga í böndum og þrifa eins og sjá má á myndinni, en á hinum hliðum hússins er hægt að notast við hefðbundna kranabíla við gluggaþvottinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Starfsfólk Landsbanka flúði myglu í 6 húsum

Myglusveppur fannst í sex húsum Landsbankans á síðasta ári. Um 80 starfsmenn þurftu að yfirgefa starfsstöðvar sínar og þar á meðal allt starfsfólk áhættustýringarsviðs bankans. Myglan hefur ekki komið upp í öðrum húsum fyrirtækisins.

HEILBRIGÐISMÁL Um 80 starfsmenn Landsbankans þurftu að yfirgefa starfsstöðvar sínar þegar myglusveppur fannst í höfuðstöðvum bankans og á skrifstofum hans í Landsíma húsinu við Austurvöll á síðasta ári.

Landsbankinn rekur starfsemi í sextán húsum. Þar af eru fjórtán í miðborginni og flest þeirra eru hluti af höfuðstöðvum bankans við Hafnar- og Austurstræti. Myglan fannst í þremur húsum í Hafnarstræti, tveimur í Austurstræti og á skrifstofunum í Landsíma húsinu.

„Starfsfólk bankans fór að rekja tíð veikindi til húsnæðisins og því byrjuðum við á að kaupa myglupróf. Þá kom í ljós mygla á einum eða tveimur stöðum og eftir það fundum við meira. Á endanum þurfti meðal annars að flytja og dreifa öllu áhættustýringarsviði bankans, um fimmtíu manns, á nokkra staði hér í höf-

uðstöðvunum, en deildin er staðsett í fjórum húsnúmerum,“ segir Valgeir Valgeirsson, forstöðumaður eignasviðs Landsbankans. „Starfsmennirnir í Landsíma húsinu, um þrjátíu manns, voru fluttir til innan þess húss og við fórum strax í að losa okkur við sveppinn.“

Bankinn leigir allar þær byggingar sem um ræðir. Eigendur þeirra þurftu að sögn Valgeirs að fara í miklar framkvæmdir við að rífa niður loft og veggi og eitra fyrir sveppinn.

„Framkvæmdunum lauk snemma á þessu ári og sveppurinn hefur ekki komið upp í öðrum húsum síðan,“ segir Valgeir og bætir við að framkvæmdirnar hafi tekið nokkra mánuði.

„Við teljum því að þetta sé komið í lag en við getum aldrei verið viss. Húsin eru nefnilega gömul, byggð frá 1924 til 1970, og mörg hafa lekið á einum eða



„Á endanum þurfti meðal annars að flytja og dreifa öllu áhættustýringarsviði bankans, um fimmtíu manns, á nokkra staði hér í höfuðstöðvunum, en deildin er staðsett í fjórum húsnúmerum.“

Valgeir Valgeirsson
forstöðumaður
eignasviðs Landsbankans.

öðrum tíma sem getur leitt til myglusvepps.“

Valgeir segir starfsfólk bankans hafa fundið fyrir einkennum sem oft eru tengd við myglusvepp eins og hausverk og sljóleika. - hg

Pörf á fleiri innflytjendum: Auðga þýskt samfélag

ÞÝSKALAND

„Landið okkar þarf á innflytjendum að halda,“ segir Joachim Gauck Þýskalandforseti. Innflytjendur auðgi samfélagið og þótt breytingar geti verið erfiðar þurfi enginn að óttast það sem við taki.

„Við eigum að hætta að tala um „okkur“ og „hina“,“ sagði Gauck, í ræðu vegna 65 ára afmælis þýsku stjórnarskrárinnar. - gb/sjá síða 4



JOACHIM GAUCK

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

KRINGLUKAST
OPÍÐ TIL 18:30 Í DAG
NÝTT KORTATÍMABÍLI

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

NÝJAR VÖRUR
20-50%
AFSLÁTTUR

SPURNING DAGSINS



Dagur, skemmist lagningin ekki í sundi?

„Hún skemmist ekki ef maður heldur höfðinu upp úr.“

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóraefni Samfylkingarinnar, segist opin fyrir lagningu Sundabrautar og að gert sé ráð fyrir Sunda-braut í aðalskipulagi.

Starfsmaður á sumardvalarheimli fyrir fatlaða grunaður um kynferðisbrot:

Braut gegn tveimur konum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi er langt komin með að rannsaka kynferðisbrot starfsmanns sumardvalarheimilis fyrir fatlað fólk í sveitarfélaginu Árborg.

Í frétt RÚV um málið kom fram maðurinn hefði brotið gróflega gegn tveimur konum á fertugs- og fimmtugsaldri sem eru báðar þroskaskertar. Maðurinn neitar sök.

Hinn grunaði er tengdur rekstrar- aðila heimilisins fjölskylduböndum.

Að sögn RÚV er sumardvalarheimilið í umdæmi félagsþjónust-

unnar í Árborg og nærliggjandi sveitarfélagi og hefur félagsmálastjórinn ákveðið að senda ekki fólk í sumardvöl þangað.

Félagsmálastjórar annarra sveitarfélaga hafa einnig vitneskju um rannsóknina og geta því gripið til sömu ráðstafana. Hins vegar þarf fatlað fólk ekki atbeina félagsþjónustunnar til að sækja um sumardvöl. Hægt er að sækja beint um dvöl á heimilinu til forráðamanna þess og margir skjólstæðingar fara á sömu heimilin ár eftir ár.

-jme



LÖGREGLURANNSÓKN Lögreglan á Selfossi rannsakar meint kynferðisbrot karlmanns sem vann á sumardvalarheimili fyrir fatlaða. Rannsókn er langt komin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Samningar ganga hægt: Líkur á verkfalli flugfreyja

KJARAMÁL Fundahöld voru í kjaradeilu Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair um helgina. Mikið bar enn í milli í deilunni þegar blaðið fór í prentun.

Yfirvinnubann flugfreyja og flughjóna er í gildi en klukkan sex í fyrramálið hefst átján tíma verkfall hafi ekki samist fyrir þann tíma. Verði verkfall falla niður um 60 ferðir. Sólarhringsverkfall er boðað 6. júní og annað þann 12. júní. Ótímabundin vinnustöðvun hefst svo 19. júní.

-jme



VIÐ AÐSKILNADARMÚRINN Í BETLEHEM Páfi bað bænir sínar við aðskilnaðarmúrinn í Betlehem. Þá tók hann upp á því að klæðast svart-hvítum köflöttum höfuðkufli, sem er tákn hins palestínska málstaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Páfi gerði sér ferð til vöggju kristinnar trúar í Betlehem:

Frans páfi studdi Palestínnumenn

ÍSRAEL, AP Frans páfi sagðist vona að friður næðist brátt í Mið-Austurlöndum í ræðu sinni í Ísrael í gær þar sem hann sýndi Palestínnumönnum stuðning.

Frans sagðist hryggur yfir því að borgin heilaga, Jerúsalem, þyrfti enn að þola átakaástand. Páfi boðaði réttláta langtímalausn í málinu, svo Ísraelsmenn og Palestínnumenn gætu lifað í sátt.

Hann sagði Ísrael verðskulda „öryggi og frið innan alþjóðlega samþyktra landamæra“, en sagði um leið að íbúar Palestínu hefðu „rétt á því að lifa með sæmd og ferðafrelsi“. Páfi sagði þráteflið í friðarumleitunum milli Ísraels og Palestínu „óásættanlegt“. Hann kom á fundi forseta Ísraels og Palestínu í Vatikaninu í næsta mánuði.

-kóh

Bændur gelda ódeyfða grísi:

Unnið að innleiðingu laga

LANDBÚNAÐUR Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélag Íslands, vill ekki tjá sig um ástæður þess að svínabændur deyfa ekki grísi áður en þeir eru geltir, eins og kveðið er á um lögum.

Hörður segir að félagið hafi sent út fréttatilkynningu og menn ætli að láta þar við sitja.

Í henni kemur fram að svínabændur vinni í samráði við stjórnvöld að innleiðingu nýrra laga um dýravernd. Lögin gangi lengra en sambærileg lögjöf í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við.

-jme

Réðst að fólki með flösku:

Gróf líkamsárás í miðbænum

LÖGREGLUMÁL Karl og tvær konur á þrítugsaldri urðu fyrir því að tveir karlar veittust að þeim og börðu þau í höfuðið með flöskum aðfaranótt sunnudags fyrir utan skemmtistaðinn Park á Hverfisgötu.

Árásarmennirnir komust undan en þau sem urðu fyrir árásinni voru flutt á slysa-deild til aðhlyningar. Önnur konan fór úr axlarlið og þurfti að sauma spor í höfuð hennar. Hin konan var með brákað bein í hendi og sauma þurfti spor í höfuð mannsins, sem fékk heilahristing.

-kóh

Telja Isavia draga of mikið af laununum

Flugmálastarfsmenn segja ósannjarnt að Isavia hýrudragi alla vaktavinnumenn um þær 15 klukkustundir sem þrjár nýlegar vinnustöðvanir voruðu. Hver þeirra hafi aðeins verið fjóra og hálfan tíma frá vinnu að meðaltali. Stefnir í dómssmál.

KJARAMÁL „Þetta er afar óréttlátt og við munum leita réttar okkar“, segir Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins, eins þriggja félagi sem nýlega gerðu kjarasamning við Isavia eftir þrjár fimm klukkustunda vinnustöðvanir.

Isavia hefur hýrudregið alla vaktavinnumenn úr vinnustöðvunarfélagunum um fimmtán klukkutíma, sem mun svara til um 24 þúsund króna, burt séð frá því hvort þeir hafi átt vakt eða ekki þegar vinnustöðvanirnar stóðu yfir.

Kristján segir að um þrjú hundruð félagsmenn hans séu í vaktavinnu fyrir Isavia. „Það er eins og fyrirtækið gefi sér að allir hafi verið að vinna í einu – sem er ekki. Hið rétta er að á bilinu áttatíu til hundrað manns áttu að vera á vakt í þessa tíma. Okkar skoðun er sú, og hún er studd áliti okkar lögfræðinga, að fyrirtækið verði að reikna þann tíma sem raunverulega tapaðist í vinnu en ekki reikna út frá því að allur hópurinn hafi átt að vera í vinnu í þessi skipti,“ segir Kristján.

Flugvallarstarfsmenn hafa reiknað út að vaktavinnumennirnir hafi að meðaltali verið frá vinnu vegna aðgerðanna í fjóra og hálfu klukkustund. Það sé þannig meira en þrefalt fleiri tímar sem Isavia hafi skert launin. Munurinn fyrir fyrirtækið samkvæmt grófu mati er nærri fimm milljónir króna að sögn Kristjáns.

„Það sjá allir að Isavia er að



Í LEIFSSTÖÐ Svona var stemningin á Keflavíkurflugvelli í aprílþyrjun á meðan á vinnustöðvun flugvallarstarfsmanna stóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

stórgæða á þessu. Við teljum sannjarnt að þessum vinnutímum sem raunverulega töpuðust sé skipt jafnt á alla okkar félagsmenn. Þannig að þeir sem áttu vaktina þegar verkfallið stóð beri ekki einir skaðann,“ segir Kristján sem kveður Isavia ósveigjanlegt. „Við verðum að leita réttar okkar í þessu máli. Það verður að fara með þetta alla leið – eins og alltaf þegar Isavia á í hlut.“

Friðþór Eydal, upplýsinga- fulltrúi Isavia, segir fyrirtækið standa rétt að uppgjörinu vegna



„Það sjá allir að Isavia er að stórgæða á þessu.“

Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins.

vinnustöðvananna. Það sé í samræmi við verklagsreglur sem séu við lýði hjá Samtökum atvinnulífsins.

gar@frettabladid.is



Kringlunni
Sími 568 7777
heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Forstjóri Haga segir opna tollkvóta engu breyta um verð á nautakjöti:

Okur rúmast innan tollkvóta

VIÐSKIPTI Finnur Árnason, forstjóri Haga hf., segir yfirlýsingar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um að tollkvótar hafi verið opnir síðan í lok febrúar ekki gera neitt gagn fyrir verð á nautakjöti.

Samkvæmt yfirlýsingu ráðuneytisins hefur tollkvóti vegna innflutnings á nautakjöti verið opinn síðan í lok febrúar á þessu ári og verð á innlendu kjöti hafi engin áhrif á innflutningsverðið.

Finnur segir að þrátt fyrir tollkvótann séu innflutningsgjöld allt of há, og að til þess að lækka verð á innlendu kjöti þurfi að afnema tolla að öllu leyti.

„Það sem ég er að benda á er að verð á nautakjöti hefur hækkað um 20 prósent. Það er það sem neytendur búa við. Sem þýðir það að aðgerðir ráðuneytisins hafa ekkert vægi. Þær duga ekki til að halda aftur af þessum verðhækkunum,“ segir Finnur.

„Þess vegna er eðlilegt að allur tollur á nautakjöti sé afnuminn, svo það sé flutt inn meira, og það mun koma í veg fyrir þessa hækkun. Þá þurfum við ekki að yfirbjóða þessa fáu gripi sem til eru úti í sveitum.“



FINNUR ÁRNASON



BÚFÉ Framboð nautakjöts hefur farið þværandi, og hefur það ýtt verði upp. Til þess að stemma stigu við þessari þróun þarf innflutningsverð að lækka.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HILUX

LÁTTU REYNA Á'ANN



Hilux er fjallkóngurinn yfir Íslandi í leik og starfi enda harðduglegur vinnubjarkur sem hefur sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Nýhönnun á sætum og innra byrði gefur einstök þægindi í akstri innan bæjar sem utan. Sterkbyggð grind og ríkulegur öryggisbúnaður skapa meira öryggi ofan á óhagganlegan stöðugleika með öflugri fjöðrun og góðri hæð yfir vegi. Þú færð ekki annan eins styrk og öryggi á betra verði. Hilux fæst með hjóðlátri 2.5l eða 3.0l dísilvél sem bíður þess að komast þangað sem þig langar.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

Verð frá 5.490.000 kr.



Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að
láni án vaxta í allt að þrjú ár.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

SVONA ERUM VIÐ



46 ár er meðalaldur starfsfólks við kennslu í grunnskólum.

Meðalaldurinn hefur farið hækkandi frá árinu 2000. Árið 1998 var meðalaldur starfsfólks við kennslu 41,7 ár en var kominn í 46,0 ár haustið 2013.

Á þessu tímabili hefur meðalaldur kvenkennara hækkað meira eða úr 41,2 árum í 46,1 ár. Meðalaldur karlennara hefur hækkað úr 43,2 árum í 45,4 ár

Spár benda til sigurs í fyrstu umferð forsetakosninga með 55,9% atkvæða: **Porosjenkó verður líklega forseti**

ÚKRAÍNA, AP Útgönguspár bentu til þess í gærkvöldi að milljarðamæringurinn Petro Porosjenkó hafi haft sigur í forsetakosningum í Úkraínu í gær. Porosjenkó, sem er 48 ára, tók í gær spám um 55,9 prósent atkvæða handa honum sem orðnum hlut og sagði verða sitt fyrsta verk sem forseti að sækja heim iðnaðarhéraðið Donbass í austurhluta Úkraínu.

Porosjenkó hefur auðgast mjög á sælgætisframleiðslu, en hann hefur verið kallaður „súkkulaði-

kóngurinn“. Í yfirlýsingu sinni í gær lofaði Porosjenkó að styrkja tengsl við Evrópusambandið og að koma á friði í austanverðri Úkraínu.

Langar biðraðir mynduðust fyrir utan kjörstaði í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, í gær en í Donetsk skutu aðskilnaðarsinnar kjósendum skel í bringu með því að mölbrjóta kjörkassa á götum borgarinnar. Þar var ekki friður til að kjósa og varpar það skugga á niðurstöðu kosninganna. -kóh



SÚKKULAÐIKÓNGURINN Petro Porosjenkó og eiginkona hans greiddu atkvæði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samningur gildir út 2024: **Kolaportið á sínum stað**

SVEITARSTJÓRNARMÁL Borgarstjóri og formaður borgarráðs undirrituðu í gær í Kolaportinu samning við rekstraraðila þess um leigu 1. hæðar Tryggvagötu 19. Samningurinn tryggir Kolaportinu húsnæðið út árið 2024.

Rekstraraðili Kolaportsins, Portið ehf., framleigir húsnæðið undir markað með sama sniði og verið hefur undanfarin ár. Kolaportið var opnað á núverandi stað 1994 og hafði þá frá 1989 verið í bilageymslu Seðlabankans. -ósk

Líkamsárás á Eiðistorgi: **Spörkuðu í höfuð manns**

LÖGREGLUMÁL Fjórir karlar voru handteknir í verslun við Eiðistorg á laugardagskvöld fyrir að ráðast á mann og sparka ítrekað í höfuð hans. Að sögn lögreglu voru mennirnir allir mjög ölvaðir, allir útlendingar, án skilríkja og neit-uðu að gefa upp nafn.

Sá sem varð fyrir árásinni var fluttur á slysadeild. Hann var að sögn með áverka í andliti og mjög bólginn. Hann er íbúi í grennd við verslunarmiðstöðina og kveðst aldrei hafa séð fjórmenn-ingana fyrr. -bá

Auður leggur í hann aftur: **Róa frá Færeyjum á viku**

FÓLK Úthafsróðrabáturinn Auður er lagður af stað til Íslands frá Færeyjum. Ætlað er að lokaspretturinn taki um viku. Þetta er talið vera í fyrsta skipti í Íslandssög- unni sem báti er róid alla leiðina frá meginlandi Evrópu til Íslands. Auði var róid í fyrra frá Noregi til Orkneyja og Færeyja.

Sjóleiðin milli Færeyja og Íslands er ríflega 240 sjómílur. Áætlaður lendingarstaður gæti breyst eftir straumum en áhöfn Auðar stefnir á að koma til hafnar á Höfn í Hornafirði eða Djúpvogvi. Í áhöfn síðasta legginn eru Kjartan Jakob Hauksson skipstjóri, Svanur Wilcox, Hálfán Freyr Örnólfsson og Ingvar Ágúst Þórisson. -bá

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Vilja stofna öldungaráð

Félag eldri borgara í Hveragerði hefur óskað eftir því við bæjaryfirvöld í Hveragerði að stofnað verði öldungaráð í bæjarfélaginu, sem aðeins sé skipað eldri borgurum. Óskar félagið eftir viðræðum við bæjaryfirvöld eftir kosningar. Við því hefur bærinn orðið og hefjast þær fljótlega eftir kosningar 31. maí næstkomandi.

Þýskalandsforseti segir þörf á fleiri innflytjendum

Innflytjendamál voru mjög til umræðu í hátíðarræðum þegar haldið var upp á 65 ára afmæli þýsku stjórnarskrárinnar. Navid Kermani, þýskur rithöfundur af írönskum uppruna, var fullur þakklætis en gagnrýndi jafnframt harðlega tregðu Þýskalands gagnvart hælisleitendum. Gauck forseti segir þörf á fleiri innflytjendum.

ÞÝSKALAND „Landið okkar þarf á innflytjendum að halda,“ sagði Joachim Gauck Þýskalandsforseti í ræðu í síðustu viku. Hann sagði innflytjendur auðga þýskt samfélag og þótt breytingarnar geti stundum verið erfiðar þurfi enginn að óttast það sem við tekur.

„Við eigum að hætta að tala um „okkur“ og „hina“. Hugtakið „við“ hefur fengið nýja merkingu, sem er eining hinna ólfku,“ sagði Gauck í hátíðarræðu sem hann flutti í síðustu viku í til-efni þess að 65 ár eru liðin frá því stjórnarskrá Þýskalands gekk í gildi.



JOACHIM GAUCK

Sjálfur hafi hann reynt af því að heimamenn í Austur-Þýskalandi, þar sem hann bjó, hafi fyrst látið eins og þeir sæju ekki innflytjendur, síðar hafi þeir afneitað þeim og hafnað, smám saman hafi þeir svo farið að umbera þá og loks tekið að líta á þá sem tækifæri og fagna þeim. „Í dag veit ég að við glötum ekki okkur sjálfum, þótt við tökum við fjölbreytni. Við viljum þetta fjölbreytni,“

Þýskaland fékk nógildandi stjórnarskrá sína árið 1949, aðeins örfáum árum eftir að hildarleik heimstýrjaldarinnar lauk með ósigri þýskra nasista. Höfundar hennar lögðu mikla áherslu á að tryggja mannréttindi og útiloka mismunun.

Þýski rithöfundurinn Navid Kermani, sem er sonur íranskra innflytjenda, ávarpaði á föstudag þýska þingið í tilefni afmælis stjórnarskrárinnar. Hann sagði Þjóðverja geta verið stolta af stjórnarskránni, sem tryggir innflytjendum ekki síður en innfæddum grundvallarmannréttindi. Hann sagðist fullur þakklætis fyrir hönd innflytjenda og fékk hvað eftir annað dýnjandi lófaklapp frá þingsalnum.

Kermani notaði hins vegar tækifærið einnig til að gagnrýna þýsk stjórnvöld, úr ræðupólti þingsins, harðlega fyrir stefnu þeirra í innflytjendamálum.



NAVID KARMANI Karmani er þekktur rithöfundur í Þýskalandi. Hann ávarpaði þýska þingið á föstudag í tilefni af 65 ára afmæli stjórnarskrárinnar. MYND/ÞÝSKA ÞJÓÐÞINGIÐ

Hann sagði hart að vita til þess að Þýskaland hafi ekki tekið við nema rétt um 10 þúsund flóttamönnum frá Sýrlandi, eða brotabroti af þeim níu milljónum manna sem hafa flúið borgarastyrjöldina þar.

„Enn í dag er fjöldi fólks sem á tilveru sína undir því að önnur lýðræðisleg lönd opni dyr sínar,“ sagði hann, og nefndi bandaríska upp- ljóstrarann Edward Snowden sem dæmi um einn þeirra. „Aðrir drukna í Miðjarðarhafinu – þúsundir á hverju ári.“

Sérstaklega gagnrýndi Kermani þær breytingar, sem gerðar voru árið 1993 á 16. grein þýsku stjórnarskrárinnar, sem upphaflega tryggði öllum, sem sæta pólitískum ofsóknum í heimalandi sínu, rétt á pólitísku hæli í Þýska-

Enn í dag er fjöldi fólks sem á tilveru sína undir því að önnur lýðræðisleg lönd opni dyr sínar.

Navid Kermani, þýskur rithöfundur af írönskum uppruna.

landi. Orðalag þeirrar breytingar hafi verið tyrfið og illa orðað beinlínis í þeim tilgangi að fela það að í reynd hafi breytingin verið þess eðlis að það teljist ekki lengur til mannréttinda að pólitískir flóttamenn fái hæli í Þýskalandi.

Þessi gagnrýnisorð hans uppskáru reyndar dýnjandi lófatak frá þingheimi, ekki síður en þakklætisorð hans í garð Þýskalands.

gudsteinn@frettabladid.is

FISKIBOLLUR LAUSFRYSTAR
2 FYRIR 1
2 KG. 1.500,-

FISKIKÓNGURINN
SOGAVEGI 3
SÍMI 587 7755

ÞORSKHNAKKAR LAUSFRYSTIR
1.500,- kr. kg

FISKIKÓNGURINN
HÖFDABAKKA 1
v/Gulllinbrú
SÍMI 555 2800

www.fiskikongurinn.is Finndu Fiskikónginn á

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 24°	Friedrichshafen 21°	New York 29°
Apéna 28°	Gautaborg 19°	Orlando 32°
Basel 24°	Kaupmannahöfn 19°	Ósló 23°
Berlín 25°	Las Palmas 23°	París 19°
Billund 21°	London 16°	San Francisco 22°
Frankfurt 21°	Mallorca 25°	Stokkhólmur 21°

Á MORGUN 3-8 m/s

MÍÐVIKUDAGUR 3-8 m/s


ÚRKOMA V-TIL í dag og á morgun en þurrt að kalla á miðvikudag. Bjart að mestu NA- til. Milt í veðri 8-16 stig.

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarisdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



Way of Life!



SUZUKI GRAND VITARA

**Klár í ferðalagið með öflugri
og sparneytinni 2.4L 169 hö/vél**



Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur. Fullkomið leiðsögutæki með Garmin snertiskjá og íslensku korti Bluetooth símkerfi - Usb og aux tengi - Skyggðar rúður - Cruise control - Öflug en sparneytin 2,4 lítra vél, 169 hestöfl Lykillautst aðgengi og start og margt fleira.

**MED HÁU
OG LÁGU
SÍDRIFI**

**FULL
FRAME
4x4**

**Verð frá 5.590 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 8,8 L/100 km**

SUZUKI SPARNEYTNI



**TRAUST UMBOÐ Í YFIR
40 ÁR**

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



400.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.290.000 kr.

Hyundai I30 Classic TOH76
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



Verð: 1.950.000 kr.

Mazda2 Advance UU89
Skráður júní 2012, 1,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 55.000 km.
Í ábyrgð



140.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.850.000 kr.

Ford Focus Trend Collection OLY09
Skráður júlí 2010, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 1.990.000 kr.



300.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.490.000 kr.

Hyundai I30 Classic NKL79
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 122.000 km.
Ásett verð: 1.790.000 kr.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



Verð: 1.690.000 kr.

Toyota Auris Terra PIR54
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 79.000 km.



160.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.890.000 kr.

Citroën C3 Seduction KFX15
Skráður maí 2013, 1,4TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 50.000 km.
Ásett verð: 2.050.000 kr. Í ábyrgð



Verð: 1.990.000 kr.

Subaru Legacy SU091
Skráður apríl 2007, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 90.000 km.

FINNDU BÍLINN ÞINN



Skofaðu fleiri
deemi hér!

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



300.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 4.280.000 kr.

Ford Kuga Titanium S AWD BHP25
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 4.580.000 kr.



Verð: 1.340.000 kr.

Citroën C1 SX FUV92
Skráður maí 2012, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 71.000 km.
Í ábyrgð



340.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 5.450.000 kr.

Toyota Land Cruiser 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.



300.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.990.000 kr.

Kia Sorrento EX AWD SN957
Skráður febr. 2006, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 140.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.



Verð: 1.940.000 kr.

Ford Fiesta Trend KTF28
Skráður maí 2013, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 51.000 km.
Í ábyrgð



Verð: 990.000 kr.

Ford Focus Trend VN201
Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 141.000 km.



400.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.290.000 kr.

Honda Accord YHE12
Skráður júlí 2008, 2,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 93.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ári bilgraininni



Öruggur staður til að vera á

SUS veitir Frelsisverðlaun: Pawel og RNH verðlaunuð

SAMFÉLAG Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS) veitti Pawel Bartoszek og Rannsóknarsetri um Nýsköpun og Hagvöxt (RNH) Frelsisverðlaun Kjartans Gunnars-sonar fyrir árið 2014. Verðlaunin voru afhent á föstudag.

Í tilkynningu segir að verðlaunin hljóti einstaklingur eða lögaðili sem að mati stjórnar SUS hafi aukið veg frelsishugsjónarinnar á Íslandi. „Pistlaskrif Pawels hafa vakið verðskuldaða athygli og honum tekist að hafa mikil og góð áhrif á opinbera umræðu,“ segir í tilkynningu SUS. -fbj



PAWEL
BARTOSZEK

34. kvikmyndahátíð NAFA: Slá upp hátíð á Ísafirði í júní

MENNING Norrænu mannfræði- og kvikmyndasamtökin NAFA hyggjast halda kvikmyndahátíð á Ísafirði þann fjórða til sjötta júní næstkomandi. Kvikmyndahátíðin hefur verið haldin árlega frá 1979 víðs vegar um heiminn en þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin á Ísafirði.

Sýndar verða 23 kvikmyndir frá öllum heimshornum á hátíðinni. Þær eru valdar af sérstakri valnefnd en um 300 umsóknir bárust um þátttöku. Hátíðin er opin öllum og aðgangur er gjaldfrjál. -ssb

Valkostur við stærri virkjanir

Landvernd telur að vindorkugarður geti verið valkostur við jarðvarma- og vatnsaflsvirkjanir á hálendinu. Standist vindorkugarður öll próf geti Landsvirkjun horfið frá áætlunum um stórtækari framkvæmdir.

UMHVERFISMÁL Forsvarsmenn náttúruverndarsamtaka taka heilt yfir jákvætt í hugmyndir Landsvirkjunar um að reisa vindorkugarða á Íslandi. Landvernd telur, ef hugmyndir verða að veruleika að uppfylltum vissum skilyrðum, að kominn sé valkostur við stærri virkjanafarmkvæmdir á hálendinu.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Landsvirkjun undirbyggi nú mat á umhverfisáhrifum vindorkugarðs á Hafinu við Búrfell, þar sem þegar eru tvær vindmyllur sem reknar eru í rannsóknaskyni. Komið hefur í ljós að aðstæður á Íslandi eru óvenju hagstæðar fyrir raforkuvinnslu úr vindorku og telur fyrirtækið að allt að 200 megavött (MW) séu virkjanleg á svæðinu með vindorku. Til slíkrar raforkuvinnslu þyrfti 60 til 70 vindmyllur sem framleiða 3 til 3,5 MW hver, en slík uppbygging yrði alltaf í nokkrum áföngum. Vindmyllurnar tvær á Hafinu eru samtals 1,8 MW, svo allt að 200 MW vindorkugarður er allstórt skref.

Könnun Capacent Gallup í fyrra sýndi að ríflega 80 prósent aðspurðra voru fylgjandi því að reisa vindmyllur hér á landi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins að Landvernd skilji þau tækifæri fyrir orkuöflun sem felast í því að setja vindorkugarða í nágrenni vatnsaflsvirkjana. Mannvirki sem þessi hafi þó veruleg sjónræn áhrif á umhverfið. Hugmyndir



Landsvirkjunar séu umhverfislega ásættanlegar [...] þá er vissulega kominn valkostur við jarðvarma- og vatnsaflsvirkjanir.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
framkvæmdastjóri Landverndar

Landsvirkjunar valda því að áhrif á svæðinu yrðu mikil. Á móti kemur að svæðið er þegar afar mangert, en almennt séð sé hálendið mjög viðkvæmt fyrir jafn umfangsmiklum mannvirkjum sökum þess hve víða landslag er þar opið og víðsýnt.

„Ef rammaáætlun og mat á umhverfisáhrifum leiða í ljós að hugmyndir Landsvirkjunar séu umhverfislega ásættanlegar og sýnt verður fram á þörf fyrir framleiðslu þessa rafmagns, sem ekki hefur enn verið gert, þá er vissulega kominn valkostur við jarðvarma- og vatnsaflsvirkjanir á svæðum inni á hálendinu. Landsvirkjun gæti þá auðveldlega horfið frá þeim áætlunum sínum, eins og Landvernd hefur ítrekað gert kröfu um,“ segir Guðmundur.

„Ef rammaáætlun og mat á umhverfisáhrifum leiða í ljós að hugmyndir



VINDORKUGARÐUR Erlendis standa vindmyllur oft úti í sjó eða við strönd, og eru umdeildar vegna sjónmengunar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vindorkan háð útflutningi um sæstreng

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að vindorka sé endurnýjanleg og valdi litlu sem engu varanlegu tjóni á náttúrunni. „Á hinn bóginn virðist sem uppbygging vindorku hér á landi sé háð útflutningi raforku um sæstreng. Vindorkugarður upp á 200 MW dugar hvergi nærri til að fullnægja þeirri eftirspurn á breska markaðinum sem sæstrengur á að anna og því spurning hvaðan afgangurinn af orkunni eigi að koma. Um það höfum við litlar upplýsingar í dag en ég bendi á að umhverfisráðherra tulkar lögin svo að virkjunarkostir í verndarflokki verði sjálfkrafa metnir að nýju í næsta áfanga rammaáætlunar. Allt virðist því undir og þá er vindorkan bara agn, eins konar grænþvottur,“ segir Árni.



Audi Vorsprung durch Technik 



**Lítur alltaf vel út.
Líka í myrkri.**

Audi Q3 lýsir upp veginn í orðsins fyllstu merkingu með glæsilegum framljósum sem bregðast sjálfkrafa við breytingum á birtuskilyrðum. Þetta er enn eitt dæmið um þá stefnu Audi að láta útlit og innihald alltaf haldast í hendur. Audi Q3 kostar frá kr. 7.590.000.





Fyrirtæki ársins þriðja árið í röð

Til hamingju starfsfólk Johan Rönning

Við fögnum með stolti efsta sætinu í flokki stórra fyrirtækja í vinnumarkaðskönnun VR 2014. Þennan árangur þökkum við starfsfólki okkar.

Johan Rönning er einnig meðal fyrstu fyrirtækja til að hljóta jafnlaunavottun VR.



FJÖLDI SEM FÆR
FJÁRHAGSAÐSTOÐ1.818 einstaklingar
í janúar 2014

FJÁRHAGSAÐSTOÐ SAMTALS

231 milljón króna
í janúar 2014FJÁRHAGSAÐSTOÐ
REYKJAVÍKURBORGAR164 þúsund krónur
fyrir einstakling245 þúsund
fyrir hjón eða sambýlisfólk

NEYSLUVIÐMIÐ STJÓRNVALDA

235 þúsund krónur
fyrir einstakling

ATVINNULEYSISBÆTUR

178 þúsund krónur

Sífellt fleiri þurfa fjárhagsaðstoð

Fjölgun í hópi þeirra sem fá bætur hjá Reykjavíkurborg á rætur sínar í því að fólk missir rétt til atvinnuleysisbóta eftir þrjú ár. Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og Björt framtíða vilja að lögum verði breytt til þess að hægt verði að segja skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð borgarinnar.

Brjánn
Jónasson
brjann@frettabladid.is

Mun fleiri hafa þurft á fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg að halda á þessu kjörtímabili en áður hefur þekkt.

Ástæðan er einkum að þeir sem eru atvinnulausir lengur en þrjú ár missa rétt til atvinnuleysisbóta, en eiga þá möguleika á að sækja um fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi.

Fjárhagsaðstoð Reykjavíkur-

borgar er í dag allt að 164 þúsund krónur á mánuði til einstaklings, og 245 þúsund til hjóna eða fólks í sambúð. Fullar atvinnuleysisbætur eru nokkuð hærrí, um 178 þúsund krónur á mánuði til einstaklings. Upphæðirnar eru talsvert lægri en dæmigert neysluviðmið fyrir útgjöld einstaklings, eins og það birtist á vef velferðarráðuneytisins. Það er um 235 þúsund krónur á mánuði fyrir einstakling á höfuðborgarsvæðinu.

Nokkur samhljómur er í stefnu Samfylkingarinnar, Sjálfstæð-

isflokks og Bjartrar framtíðar. Flokkarnir vilja allir að lögum verði breytt svo hægt sé að setja einhver skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð, til dæmis að sá sem hana þiggur verði að taka vinnu við hæfi bjóðist hún, eða sitja námskeið.

Vinstri græn eru alfarið á móti slíkri skilyrðingu, og leggja áherslu á að hækka fjárhagsaðstoðina. Píratar hafa einnig áhuga á að hækka fjárhagsaðstoðina, sem nær í dag ekki opinberum framfærsluviðmiðum.

Parf að virkja sem flesta

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík er ekki með það á stefnuskránni að lækka fjárhagsaðstoðina. Halldór Halldórsson, oddviti flokksins í Reykjavík, segir að gera þurfi meira til að virkja fólk til þátttöku og koma því úr þeirri stöðu að þurfa á þessari neyðaraðstoð frá sveitarfélaginu að halda.

„Það þarf að virkja sem flesta til þátttöku á atvinnumarkaði. Við viljum gera meiri kröfur til þessara einstaklinga,“ segir Halldór.

Hann hefur talað fyrir því að reglum verði breytt svo skilyrða megi aðstoðina að einhverju leyti. Til dæmis þannig að einstaklingur sem þiggur fjárhagsaðstoð verði að taka vinnu við hæfi bjóðist hún, hann þurfi að sækja námskeið og annað í þeim dúr.

Þá megi hugsa sér að komið verði til móts við fólk sem er að reyna að koma sér út á vinnumarkaðinn aftur, til dæmis með afslætti

af leikskólajöldum og aðstoð við samgöngur.

Skýr vilji til að hækka

Fjárhagsaðstoðin í Reykjavík er ekki nægilega há, enda nær hún ekki opinberum framfærsluviðmiðum, segir Halldór Auðar Svansson, oddviti Pírata í Reykjavík. „Það er ekki stefna Pírata, en það er skýr vilji til að hækka þessa aðstoð eins og hægt er,“ segir Halldór.

Hann segir kjarnann í stefnu Pírata að efla fólk til virkni í samfélaginu. Gæta verði að því að ekki séu settir merkimiðar á fólk, og að það festist hvorki í fordóma- né fátæktargildrum.

Þótt aukinn fjöldi hafi þurft á fjárhagsaðstoð borgarinnar hefur tekist að koma í veg fyrir verstu sviðsmyndirnar, segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík. Það var gert með því að setja mikinn kraft í samstarf við Vinnuálastofnun og með því að

Getur þitt fyrirtæki
orðið Fyrirtæki ársins?

Morgunverðarfundur VR og Capacent um hvernig nýta má niðurstöður í könnun á Fyrirtæki ársins og mikilvægi mannauðsstjórnunar verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 28. maí kl. 8:30 til 10:15.

Leiðin að markmiðinu, Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR

Hvað er Fyrirtæki ársins? Tómas Bjarnason, sviðsstjóri starfsmannarannsóknna hjá Capacent

Nova, Liv Bergþórsdóttir forstjóri

Johan Rønning, Haraldur Líndal Pétursson forstjóri

Skref að betri mannauðsstjórnun, Jakobína H. Árnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent

Samantekt og spurningar

Skráning og morgunverður hefst kl. 8:00

Fundarstjóri er Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð.

Fundurinn er opin öllum. Verð: 2.900 kr.

Skráðu þig á vr.is



Björt framtíð



Björt framtíð vill að heimilað verði að setja ákveðin skilyrði fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar.

„Við viljum að öllum sem geta unnið en eru á fjárhagsaðstoð verði boðin vinna, eða virkniúrræði.“

Sigurður Björn Blöndal.



Vinstri grænir



Vinstri græn telja mikilvægt að hækka fjárhagsaðstoð þannig að það sé hægt að lifa af aðstoðinni.

„Við erum algerlega andvíg því að skilyrða fjárhagsaðstoðina.“

Sóley Tómasdóttir.



Framsókn



Framsóknarflokkurinn vill samræma atvinnumál fatlaðra og ófatlaðra.

„Það er mikilvægt að endurskoða reglur borgarinnar um velferðarmál.“

Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir.



Píratar



Píratar leggja mikið upp úr því að efla fólk til virkni í samfélaginu.

„Það er skýr vilji til að hækka þessa aðstoð eins og hægt er.“

Halldór Auðar Svansson.



Sjálfstæðisflokkurinn



Sjálfstæðisflokkurinn vill virkja sem flesta til þátttöku á vinnumarkaði og fækka fólk sem þarf fjárhagsaðstoð frá borginni.

„Við viljum gera meiri kröfur til þessara einstaklinga.“

Halldór Halldórsson.



Samfylkingin



Samfylkingin vill að lögum verði breytt þannig að heimilað verði að setja skilyrði fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar.

„Okkur finnst ekki eðlilegt að námsmaður geti rölt inn á hverfamiðstöð og fengið fjárhagsaðstoð yfir sumarið í stað þess að fá sér vinnu.“

Dagur B. Eggertsson.

gera gangskör að því að koma þeim sem geta unnið í vinnu. Því þurfi að halda áfram.

Vilja skilyrða fjárhagsaðstoð

„Við stofnuðum nýja atvinnuádeild sem hefur það verkefni að koma þeim sem eru í fjárhagsaðstoð í virkni,“ segir Dagur.

Sveitarfélög hafa ekki heimild til að skilyrða fjárhagsaðstoðina, en Dagur segir Samfylkinguna vilja að lögum verði breytt til að slík heimild fái.

„Okkur finnst ekki eðlilegt að námsmaður geti rölt inn á hverfamistöð og fengið fjárhagsaðstoð yfir sumarið í stað þess að fá sér vinnu,“ segir Dagur. Hann tekur þó fram að sá hópur sem fái fjárhagsaðstoð frá borginni sé mjög fjölbreyttur og ekki geti allir í þeim hópi unnið.

Samfylkingin leggur áherslu á fjölbreytni í atvinnulífinu. Dagur segir sérstaka áherslu lagða á að laða til borgarinnar ferðamenn sem versli og noti þjónustu í Reykjavík og skilji þar af leiðandi mikið eftir í borginni. Þá segir hann mikla áherslu lagða á skapandi greinar.

Parf hærri fjárhagsaðstoð

Það er mikilvægt að hækka fjárhagsaðstoð þannig að hægt sé að lifa af aðstoðinni, segir Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna. Flokkurinn er einnig með það á stefnuskrá sinni að hækka húsaleigubætur þannig að leigumarkaðurinn verði raunhæfur kostur.

„Við erum algerlega andvíg því að skilyrða fjárhagsaðstoðina,“ segir Sóley. Hún segir mikilvægt að bjóða upp á fjölbreytt úrræði til að auka virkni þeirra sem þiggja aðstoð, en hafnar því algerlega að skilyrða aðstoðina.

„Þetta er síðasta úrræðið fyrir fólk, ef við höfnum einhverjum um þessa aðstoð erum við þar með hætt að vera velferðarsamfélag,“ segir Sóley.

Vinstri græn vilja byggja á fjölbreyttu atvinnulífi með áherslu á ferðaþjónustu, sjávarútveg, rannsóknir, nýsköpun og skapandi greinar. Sóley bendir á að borgin sé einn stærsti vinnustaður landsins og leggja verði áherslu á atvinnumál ungs fólks með fjölbreyttum sumarstörfum og virkni-verkefnum.

Allir sem geta unnið fái vinnu

Björt framtíð vill áframhaldandi áherslu á átaksverkefni borgarinnar með Vinnuálastofnun, sem hafa gert það að verkum að fjöldi fólks hefur sloppið við að festast í varanlegu atvinnuleysi, segir Sigurður Björn Blöndal, oddviti flokksins í Reykjavík.

„Við viljum að öllum sem geta unnið en eru á fjárhagsaðstoð verði boðin vinna eða virkniúrræði,“ segir Björn. „Sumir kalla það skilyrðingu, en við erum með þessu að reyna að hjálpa fólki til virkni. Fjárhagsaðstoðin er mikilvægt neyðarúrræði, en ekki eitthvað sem fólk ætti að þurfa í langan tíma.“

Hann segir að meta þurfi stöðu þeirra sem fá fjárhagsaðstoð reglulega með tilliti til þess hvort þeir

eru vinnufærir eða ekki. Augljóst sé að fólk sem er í mikilli neyslu geti verið óvinnufært, og ekki hægt að þvinga það í úrræði gegn vilja.

Parf að endurskoða reglurnar

„Það er mikilvægt að endurskoða reglur borgarinnar um velferðarmál,“ segir Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknar og flugvallarvina. Framboðið hefur ekki mótað sér stefnu í þessum málaflokki.

Hún nefnir sem dæmi að námsmaður sem er á vanskilaskrá geti ekki fengið framfærslulán hjá banka meðan hann bíður eftir námslánum, og eðlilegt að borgin láni fyrir framfærslu í slíkum tilvikum.

Sveinbjörg segir að samræma



Á FERÐ Í REYKJAVÍK Þegar fólk hefur verið atvinnulaust í þrjú ár missir það rétt til atvinnuleysisbóta. Þá er hægt að leita til sveitarfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ætti atvinnumál fatlaðra og ófatlaðra. Borgin sjái í dag um atvinnumál fatlaðra, en ríkið sé með ófatlaða. Hún hefur ekki myndað

sér skoðun á því hvort færa ætti málaflokkinn allan til ríkisins eða sveitarfélaganna en skoða verði það mál út frá heildarhagmunum.

Apótekarinn⁺

lyf á lægra verði

Má færa þér 1.000 krónur?

Þú færð 1.000 kr. afslátt í Apótekanum ef þú verslar fyrir 5.000 kr. eða meira*

Afslátturinn gildir í öllum apótekum Apótekarans.

Gildir ekki fyrir lyf sem heyra undir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands.

Er Apótekarinn nálægt þér?

- Bildshöfði (Húsgagnahöllin)
- Melhagi, Vesturbæ
- Mjóddin, Álfbakka
- Glæsibær, Reykjavík
- Fjarðarkaup, Hafnarfirði
- Salavegur, Kópavogi
- Smiðjuvegur, Kópavogi
- Þverholt, Mosfellsbæ
- Hafnarstræti, Akureyri

www.apotekarinn.is

*Gegn framvisun miðans. Klíptu út miðann og taktu hann með þér í Apótekarann.

1.000 kr. afsláttur

gegn framvisun miðans.
Einn miði veitir 1.000 kr. afslátt
ef verstað er fyrir 5.000 kr. eða meira.
Gildir til 5. júní 2014.



5 694230 016686

Gildir ekki fyrir lyf sem heyra undir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands.

Gítar

námskeið

"Crash course" í júní

Skráning er hafin

Einkatímar
2x í viku í 4 vikur

Skráning í síma
581 1281

UKULELE

www.gitarskoli.is



Síðasta vikan fyrir borgarstjórnarkosningar:

Staðan í Reykjavík

Staðan í kosningabaráttunni í Reykjavík er að mörgu leyti athyglisverð. Fyrir það fyrsta er það að gerast sem fáir hefðu haft trú á fyrir fjórum árum, að arftaki framboðs Bezta flokksins og Samfylkingin virðast munu halda meirihluta í borginni. Að vísu stefnir í að valdahlutföllin verði öfug núna; Samfylkingin verði stærri flokkurinn og hefðbundinn pólitískur setjist í stól borgarstjóra. Samfylkingin hefur þannig grætt á samstarfinu og Björt framtíð þaðar sig líka í síðustu geislum sólar Jóns Gnarr. Brotthvarf hans af sviði borgarmálanna þýðir samt að engin, lítil eða lítt útfærð stefna Bjartrar framtíðar í mörgum stórum málum er ekki alveg eins hressst og skemmtilegt fyrirbæri og fyrir fjórum árum.

Í öðru lagi stefnir í myndun einhvers konar blokkar í anda R-listans, bara án Framsóknarflokksins. Vinstri græn vilja ólm

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



hengja sig utan á núverandi meirihluta, ef marka má viðtal við oddvitann Sóleyju Tómasdóttur í Reykjavík vikublaði.

Í þriðja lagi er merkilegt að Píratar virðast ætla að ná að námanni inn í borgarstjórn. Píratar hafa höfðað aðallega til ungs

fólks og í ljósi þess hvað stefna þeirra er óljós í mörgum málum er velgengnin aðallega til marks um að hefðbundnu flokkarnir ná ekki til yngri kjósenda og þurfa að hugsa sinn gang.

Í fjórða lagi hefur augljóslega mistekizt að gera flugvallarmálið að stóra kosningamálinu í Reykjavík. Framboðið sem setti það mál á oddinn, Framsókn og flugvallarvinir, er með innan við fjögurra prósentu fylgi samkvæmt könnunum. Og það var meira að segja áður en oddviti listans bullaði sig endanlega út úr kosningabaráttunni. Önnur mál eiga augljóslega hug Reykvíkinga. Miðað við fylgi núverandi meirihlutaflokka liggur til dæmis í augum uppi að stefnan um þéttingu byggðar, fjölbreyttari samgöngukosti og aðalskipulag sem ýtir undir þetta tvennt á miklu fylgi að fagna.

Í fimmta lagi mælist fylgi Sjálfstæðisflokksins í sögulegu lágmarki. Að hluta til er þar vafalaust um að kenna framgöngu flokksforystunnar á landsvísu, sem hefur gert hver mistökin á fætur öðrum. Sjálfstæðismenn í borginni hafa nefnilega sett fram sannferðugan valkost við vinstri stefnuna sem margt bendir til að ríki áfram í borgarstjórn. Það væri óneitanlega spennandi ef þeir næðu til dæmis þeim styrk að geta myndað meirihluta með Bjartri framtíð. Sjálfstæðismenn í borgarstjórn virðast hins vegar hafa gert sömu mistök og flokkurinn á landsvísu; að sýna ekki nægilega breidd og vanrækja miðjufylgið. Þeir virðast vera hræddir við að segja að þeir styðji þéttari byggð og fjölbreytni í samgöngum, þótt þeir fari ekki fram af sama ákafa og meirihlutinn og hafi fyrirvara á núverandi stefnu. Þeir hafa heldur ekki flaggað þeim framboðendum sem hafa talað fyrir slíkum áherzlum og höfðað fyrir vikið til miðjufylgisins. Miðað við kannanir gætu þeir framboðendur hreinlega dottið út úr borgarstjórn.

Það er nefnilega fullt af fólki á miðjunni eða hægra megin við hana sem er hlynnt breyttu borgarskipulagi en vill líka lækka skatta og gjöld, auka valfrelsi um þjónustu Reykjavíkur og opna upplýsingar um stöðu skólanna í borginni, svo dæmi séu nefnd. Einhver nýtilkominn misskilningur um að hreintrúaður flokkur sé betri en stór flokkur hefur valdið því að sjálfstæðismenn í Reykjavík hafa hingað til ekki náð til þessa fólks. Það er undarlegt, af því að breiddin er bæði á framboðslistanum og í stefnunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ER ALLT TIL SÖLU?

Við viljum standa vörð um auðlindirnar og EKKI einkavæða fyrirtæki í almannaeigu.

HVERNIG VILT ÞÚ FORGANGSRÁÐA?

JÖFNUÐUR OG RÉTTLETI

VINSTRI GRÆN

FRÁ DEGI TIL DAGS

Enn eitt framsóknardramað

Framsóknarmenn í Reykjavík buðu upp á enn eitt dramað um helgina þegar oddviti listans sagði blákalt að hún vildi að lóð sem múslimar hafa fengið úthlutað í Sogamýri yrði afturkölluð. Enginn af frammámönnum Framsóknar tók undir með oddvitanum í Reykjavík opinberlega. Ráðherrar flokksins brugðu á það ráð að láta ekki ná í sig eða að neita að tjá sig um málið. Fyrrverandi borgarfulltrúi flokksins hafði hins vegar kjark og þor til að segja að að þetta gengi þvert á stefnu Framsóknarflokksins að ætla að fara að mismuna trúfélögum.



Styður ekki sjálfan sig

Fimmti maður á lista Framsóknar í Reykjavík, Hreiðar Eiríksson, lýsti því yfir í kjölfar yfirlýsinga Sveinbjargar að hann gæti ekki lengur stutt listann vegna ummæla hennar. Hann hefði sjálfsgætt feginn viljað segja sig af listanum hefði þess verið einhver kostur. Það er ekki hægt að segja sig af lista eftir að framboðsfrestur er runninn út. Hreiðar hefur óskað eftir að myndir af honum verði fjarlægðar af kosningaskrifstofum framboðsins. Það verður gaman að fylgjast með því hvort farið verði að óskum framboðandans.



Í veikri von

Vandræðagangurinn í kringum borgarstjórnarframboð Framsóknarflokksins hefur verið með eindæmum í allan vetur. Enginn flokkanna sem bjóða fram í borginni hefur fengið viðlíka fjölmiðlaathygli og Framsóknarflokkurinn er þrátt fyrir það er flokkurinn samkvæmt skoðanakönnunum langt frá því að koma manni í borgarstjórn. Útspilið með moskuna hefur kannski verið hugsað til að ná atkvæðum þeirra sem eru á móti útlendingum og þeirra sem eru annarrar trúar, í þeirri veikri von að ná inn manni í borgarstjórn.

johanna@frettabladid.is

HALLDÓR



Uppbygging og verndun

UMHVERFIS-MÁL



Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra

Ráðast á í mikla uppbyggingu og verndaradgerðir á ferðamannastöðum strax í sumar, en ríkisstjórnin samþykkti í síðustu viku að veita ríflega 350 milljóna króna framlag til brýnna verkefna til verndunar á náttúru landsins og öryggissjónarmiða. Um er að ræða um 90 mismunandi framkvæmdir á gönguleiðum/göngustígum til að vernda okkar helstu náttúruperlu sem eru undir álagi vegna aukins ferðamannastraums. Þessar nauðsynlegu aðgerðir munu skapa fjöldamörg störf um allt land, en meðal annars er um að ræða svæði sem eru á rauðum lista Umhverfisstofnunar. Aðgerðirnar ná til friðlýstra svæða, þjóðgarða og svæða á náttúruminjaskrá, auk annarra svæða sem eru vinsæl og undir álagi af ferðamennsku.

Fjármunirnir skiptast á milli Þingvallabjódgarðs, Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnunar, Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins og sveitarfélaga vítt og breitt um landið. Fjölmargir einkaaðilar og samtök munu koma að þessum framkvæmdum sem dreifast víða um landið. Meðal annars er um að ræða endurnýjun á útsýnispalli við Gullfoss, göngu- og útsýnispall við Dettifoss, viðhald á gönguleiðum í Þórsmörk, endurbætur á gönguleiðum í Skaftafelli, við Látrabjarg, Goðafoss, Glym og Hengifoss og svo má lengi telja. Bæta

þarf öryggi gesta eins og kostur er með góðum stígum og öryggisgirðingum um leið og verndargildi svæðanna eru uppfyllt.

Aðstæður hafa gjörbreyst hér á landi á skömmum tíma og hefur ekki síst orðið mikil fjölgun ferðamanna yfir vetrartímann sem nauðsynlegt er að bregðast við áður en í óefni er komið. Greinin hefur vaxið hratt og skapar miklar gjaldeyristekjur, væntanlega mest allra atvinnugreina á síðasta ári. Stuðlað hefur verið að vexti og framgangi ferðaþjónustunnar sem hefur skilað sér í auknum tekjum til þeirra sem selja ferðamönnum vörur og þjónustu.

Það felst mikil áskorun í því að taka á móti auknum fjölda ferðamanna og er náttúra landsins helsta aðdráttaraflíð. Fyrr í vetur kynnti ég í ríkisstjórn útfærslu á uppbyggingu innviða og vernd náttúru á ferðamannastöðum. Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er nú unnið að heildstæðri áætlun sem nær yfir allt landið, en hingað til hefur skort skýra stefnumörkun og yfirlit yfir vandann á ferðamannastöðum. Slík áætlun er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að ráðast í verndaraðgerðir og takast á við uppbyggingu innviða með skipulögðum hætti. Útfærslan verður grundvöllur fyrir úthlutun fjármagns sem yrði til við gjaldtöku, en ráðherra ferðamála útfærir leiðir til tekjuöflunar.

Íslendingar voru pappírsvíkingar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



„Aðal ungrar þjóðar / orðin voru forðum...“ Þannig hefst Margrétarlof Þórarins Eldjárns sem hann flutti Danadrottningu á dögunum í tilefni af nýjum þýðingum á Íslendingasögnum sem eru að koma út í Danmörku.

Sofandi Noregskonungur

